

14. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 17. apríl 2019 klukkan 8:30

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Engar athugasemdir voru gerðar.

1. Ársreikningur Ásahrepps 2018, framlagning og fyrri umræða.

Undir þessum dagskrár lið var Auðunn Guðjónsson, endurskoðandi KPMG, mættur til að fylgja eftir framlagningu ársreiknings Ásahrepps fyrir árið 2018 og endurskoðunarskýrslu 2018.

Auðunn kynnti ársreikninginn og svaraði framkomnum fyrirspurnum fulltrúa hreppsnefndar.

Ársreikningi Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2018 vísað til annarrar og lokaumræðu á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar Ásahrepps.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti samhljóða framlagðan ársreikning Ásaljóss fyrir rekstrarárið 2018 og var hann áritaður.

2. Fulltrúar Landsvirkjunar koma á fund hreppsnefndar Ásahrepps:

Undir þessum dagskrárlið voru mættir fulltrúar Landsvirkjunar, þeir Georg Þór Pálsson sem kynnti verkefni næsta sumars og Stefán Kári Sveinbjörnsson sem kynnti endurhönnun Búrfellslundar.

Hreppsnefnd Ásahrepps felur sveitarstjóra að leita tilboða í áburðarkaup vegna uppgræðslu skv. samningi við Landsvirkjun og vegna verkefna sem styrkt eru úr Landbótasjóði. Samþykkt að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að sjá um dreifingu áburðarins líkt og undanfarin sumur.

3. Fundargerðir til samþykktar:

3.1. 174. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-97.

Mál nr. 1; Áshóll lóð 2 L221769; Riddaraás; Breytt heiti lóðar – 1903045.

Elín Grétarsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

Lögð fram umsókn Alexöndru Lind Elínardóttur, dags. 15. mars 2019, um breytingu á heiti íbúðarhúsaloðarinnar Áshóll lóð 2 L221769 í Ásahreppi. Óskað er eftir að landið fái heitið Riddaraás. Landið kemur úr landi Áshóls og liggur við hliðina á landinu Riddaragarður.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við að landið fái heitið Riddaraás.

Mál nr. 16; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-97 – 1903006F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. mars 2019 lagðar fram til kynningar.

3.2. 175. fundur skipulagsnefndar, ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 19-98.

Hreppsnefnd Ásahrepps frestar afgreiðslu fundargerðar þar til skipulagsnefnd hefur samþykkt fundargerðina fyrir sitt leyti.

Mál nr. 18; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19-98 – 1903008F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. apríl 2019 lagðar fram til kynningar.

- 3.3. Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar, dags. 3. apríl 2019.
Fundargerð samþykkt samhljóða.
Hreppsnefnd samþykkir samhljóða tillögu að álagningu fjallskila. Sveitarstjóra falið að svara innsendum erindum, dagskrárliðir 4 og 5, í takt við afgreiðslu fjallskiladeildar Holtamannafréttar.
- 3.4. 38. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rang. og V-Sk. Óskað var eftir staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna í 1. dagskrárlið er varðar rekstrarform byggðasamlags um Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að þessi þjónusta verði innan eins byggðasamlags en verði rekið sem tvær stofnanir, annars vegar félagsþjónusta og hinsvegar skólaþjónusta. Þær verði reknar sem sjálfstæðar rekstrareiningar innan byggðasamlagsins, hvor með sína kennitölu.
Aðrir dagskrárliðir voru til kynningar.
- 3.5. 63. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða afgreiðslu stjórnar UTU, að formaður stjórnar verði framkvæmdastjóri embættisins um tíma í 40% starfshlutfalli. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina að öðru leyti.
- 3.6. Fundur Oddvitanefndar UTU, 27. mars 2019.
Dagskrárliðir nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar.
Lögð fram fundargerð oddvitanefndar vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, dags. 27. mars 2019. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu hreppsnefndar:
- Dagskrárliður nr. 1: Verð í vinnu við undirstöður vegna aðstöðuhúss á Seyrustöðum að Flatholti 2, Flúðum. Fyrir liggur tilboð Landsstólpa ehf. í undirstöður undir aðstöðuhúsið á Seyrustöðum upp á rúmar 49 millj. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirliggjandi tilboð.
- Dagskráraliður nr. 2: Byggingarstjórn vegna vinnu við aðstöðuhús og undirstöður. Fyrir liggur tilboð í byggingarstjórn vegna byggingar hússins að Seyrustöðum frá Berki Brynjarssyni upp á 3,6 millj. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirliggjandi tilboð.
3. dagskrárliður lagður fram til kynningar.
- 3.7. 203. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
Dagskrárliður nr. 3 þarfnast afstöðu hreppsnefndar.
- Dagskrárliður nr. 3; 1904010 – Gámaplön á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.
Hvað varðar fjöldi móttökustöðva þá leggur hreppsnefnd Ásahrepps áherslu á að móttökustöðin sunnan Landvegamáta verði áfram starfrækt eins og verið hefur. Varðandi vorhreinsun þá er hreppsnefnd Ásahrepps fylgjandi því að henni verði haldið áfram sunnan Landvegamáta en að vakt verði á staðnum til að tryggja að gámapláss sé alltaf til staðar og flokkun eigi sér stað.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar verðskrá, framkvæmd og fyrirkomulag vegna heimsendra gáma með það að markmiði að gjaldtaka sé í takt við raunkostnað og stuðla að réttri flokkun í þá gáma.

Aðrir dagskrárliðir lagðir fram til kynningar.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. 10. fundur stjórnar Odda bs.
- 4.2. 11. fundur stjórnar Odda bs.
Hreppsnefnd Ásahrepps óskar eftir skýrari bókun í 2. dagskrárlið fundargerðar, þ.e. hvort um sé að ræða breytingu á samþykktum eða þær standi óbreyttar næsta ár. Einnig þarf að skýra hvort áheyrnarfulltrúi verði að vera aðalmaður í hreppsnefnd.
- 4.3. 3. fundur stjórnar Húsakynna bs.
- 4.4. 62. fundur stjórnar byggðasamlags UTU.
- 4.5. Fundur faghóps sveitarfélaga um ferðamál, dags. 13. mars 2019.
- 4.6. Stofnfundargerð Guðrúnartúns hses ásamt samþykktum (skipulagsskrá).
- 4.7. 869. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 4.8. 279. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- 4.9. 66. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 4.10. 195. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

5. Innsend bréf og erindi:

- 5.1. Vesturkortið, uppfærsla og dreifing 2019.
Lagt fram yfirlit yfir kostnað við dreifingu svæðiskorta og er Vesturkortið svæðiskort Ásahrepps. Búið er að útfæra kostnaðarskiptingu með tvennum hætti, þ.e. að kostnaði verði skipt jafnt á öll sveitarfélög á Suðurlandi annars vegar og hins vegar að kostnaði sé skipt jafnt á milli sveitarfélaga innan hvers svæðis fyrir sig.
Hreppsnefnd Ásahrepps telur eðlilegast að kostnaður við prentun og dreifingu svæðiskorta verði skipt miðað við fjölda íbúa hvers sveitarfélags, hvort heldur sem það væri innan hvers svæðis eða yfir heildina.
- 5.2. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. mars 2019; samfellt þjónustukort fyrir allt landið.
Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt er verkefni Byggðastofnunar um gagnvirk yfirlitskort með upplýsingum um aðgengi landsmanna að almennri þjónustu á vegum bæði stjórnvalda og einkaaðila, undir þjónustukort.is. Jafnframt er sent drög að samstarfssamningi milli sveitarfélaga og Byggðarstofnunar um söfnun, vinnslu og skil gagna fyrir þjónustukort. Ekki er gert ráð fyrir greiðslum vegna skráninga fyrir þjónustukortið.
Hreppsnefnd Ásahrepps list vel á þetta verkefni og samþykkir að ganga til samninga við Byggðastofnun um verkefnið. Sveitarstjóra er falið að undirrita samstarfssamning fyrir hönd Ásahrepps vegna verkefnisins.




- 5.3. Tölvuskeyti Arnars Ingvarssonar dags. 4. apríl 2019; úttekt á framkvæmdum við skálann í Þóristungum.
Lagt fram tölvuskeyti Arnars Ingvarssonar eftir úttekt á framkvæmdum við gangnamannahús í Þóristungum skv. samningi milli Húsakynna bs og Fish Partners.
Ásahreppur áréttar að nauðsynlegt er að fylgja samningum aðila er varðar efnisval og framkvæmd verkefnisins.
- 5.4. Bréf Karalakórs Rangæinga; beiðni um styrk vegna söngskrár 2019.
Lagt fram bréf Karalakórs Rangæinga þar sem óskað er eftir styrk gegn birtingu merkis Ásahrepps í söngskrá kórsins.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir að styrkja kórin að upphæð kr. 25.000.
- 5.5. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 12. apríl 2019; beiðni um umsögn um rekstrarleyfi, Herríðarhóll.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar Ólafs A. Jónssonar, kt. 121251-7019 um rekstarleyfi í Herríðarhól fnr. 219-8011 til sölu gistingar í flokki II minna gistiheimili.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við að umsótt rekstrarleyfi verði veitt.
- 5.6. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 12. apríl 2019; beiðni um umsögn um rekstrarleyfi, Herrukot.
Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar Ólafs A. Jónssonar, kt. 121251-7019 um rekstarleyfi í Herrukoti fnr. 235-5024 til sölu gistingar í flokki II frístundahús.
Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við að umsótt rekstrarleyfi verði veitt.


6. Bréf og erindi til kynningar:

- 6.1. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 4. apríl 2019; akstursþjónusta fyrir fatlað fólk 2019.
- 6.2. Yfirlýsing Sambands Íslenskra sveitarfélaga í tengslum við lífskjarasamning 2019-2022.
- 6.3. Upplýsingar frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands; lóðahreinsun og númerslausar bifreiðar.
- 6.4. Bréf forsætisráðuneytis, dags. 2. apríl 2019; fundir um málefni þjóðlendna.


Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.



Asta B. Ólafsdóttir




Guðmundur Gíslason




Brynja J. Jónasdóttir



Elín Grétarsdóttir



Egill Sigurðsson



Valtýr Valtýsson